

Bstj. 13. desember 2011

**2. mál Fundargerð íþróttá- og tómstundaráðs frá 25. nóvember  
fundargerð skóla- og frístundaráðs frá 7. desember  
fundargerð velferðarráðs frá 1. desember**

**Kjartan Magnússon:** Forseti, góðir borgarfulltrúar. Ég kveð mér hljóðs undir fundargerð skóla- og frístundasviðs frá 7. desember. Þar var meðal annars fjallað um tillögu okkar fulltrúa Sjálfstæðisflokksins sem við höfðum flutt áður í nóvember um að það yrði haldinn opinn fundur í skóla- og frístundaráði sem fyrst vegna hinna veigamiklu breytinga sem nú eru að eiga sér stað í sameiningu skóla og vegna reglna um inntöku barna í leikskóla. Við töldum að það væri tímabært að halda slíkan fund enda samræmist það samþykkt ráðsins þar sem kveðið er á um að ráðið beri ábyrgð á upplýsingamiðlun og samráði við foreldra og íbúa, félagasamtök og aðra hagsmunaaðila sem tengjast verkefnum ráðsins. En það er kunnara en frá þurfi að segja að þetta samráð hefur verið alltof, alltof lítið og það hefur verið kvartað undan því af foreldrum og ekki síður starfsmönnum að samráðið um þær veigamiklu breytingar sem eiga sér stað í skóla- og frístundamálum eru alltof, alltof litlar.

Nú, þessi tillaga var felld með atkvæðum meirihlutans gegn atkvæðum okkar sjálfstæðismanna og Vinstri grænna og meirihlutinn bókaði um það á fundinum að það væri ekki þörf á slíkum fundi, það væri stefnt að markvissu samráði við foreldra og svo framvegis og stefnt að einhverjum slíkum fundum á vormisseri. En okkur finnst það of seint, okkur finnst of seint að vísa þessu með óljósum hætti inn í framtíðina með þessum hætti og ég ætla að kynna hér bókun okkar skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins og Vinstri grænna í ráðinu út af þessu máli með leyfi forseta:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins og Vinstri grænna harma að meirihluti Samfylkingar og Besta flokksins skuli fella tillögu um að halda opinn fund skóla- og frístundaráðs með foreldrum vegna hinna veigamiklu breytinga, sem nú eiga sér stað á skólahaldi í borginni, vegna sameiningar skóla og inntöku barna í leikskóla. Fjölmargar ábendingar hafa borist frá foreldrum og kennurum um að upplýsingar skorti og stefnumótun sé ábótavant hjá skóla- og frístundaráði vegna sameiningar skóla og inntöku barna í leikskóla. Umfjöllun um áhyggjur foreldra að þessu leyti hefur verið áberandi í fjölmiðlum að undanfögnu. Mikilvægt er að bregðast strax við slíkum ábendingum með því að halda opinn fund um þessi mikilvægu mál til að koma upplýsingum á framfæri og gefa foreldrum kost á milliliðalausum samtali við æðstu stjórnendur skólamála í Reykjavík. Þess í stað

Bstj. 13. desember 2011

kjósa fulltrúar Besta flokksins og Samfylkingar að halda samráði við foreldra í lágmarki og fresta því fram á vormisseri að halda slíkan fund. Enn kemur í ljós að fyrirheit Samfylkingar og Besta flokksins um ítarlegt samráð við foreldra og starfsfólk skóla vegna skólamála eru innantóm og merkingarlaus.

**Forseti:** Þá hefur borgarfulltrúi Kjartan Magnússon lokið máli sínu. Óskar borgarfulltrúi Einar Örn Benediktsson eftir því að veita andsvar við ræðu borgarfulltrúans.

Bstj. 13. desember 2011

**2. mál Fundargerð íþróttá- og tómstundaráðs frá 25. nóvember  
fundargerð skóla- og frístundaráðs frá 7. desember  
fundargerð velferðarráðs frá 1. desember**

**Einar Örn Benediktsson:** Forseti, ágæta borgarstjórn. Fyrir utan það að vera borgarfulltrúi, þá er ég foreldri í Grafarvogi, ég er foreldri í Korpuskóla og um daginn var haldinn sameiningarfundur milli Víkurskóla og Korpuskóla þar sem foreldrum 500 barna var boðið og þar sem ég sat þarna í salnum í Korpuskóla og þarna voru sirka 25-30 foreldrar komnir, þá undraðist ég að þessar óánægjuraddir sem eru þarna úti, af hverju þær mættu ekki þá þarna á þennan fund. Þetta var mjög fín fundur, mjög faglegur fundur sem var haldinn af þessari nefnd, ráði eða þeim sem eru að standa að þessum sameiningum þessara tveggja skóla þannig að ég fæ ekki séð alveg að það sé rosalega ofsalega mikil, breið fylking óánægðs fólks þarna úti þegar það hefur þarna vettvang til þess að koma og hlusta á, koma með spurningar og það var alveg skýrt sett fram og þarna var aðallega verið að ræða af hverju það ættu að vera tvö foreldrafélög og því var svarið og síðan hvernig kennsluhættir yrðu í þessum nýja skóla og þá var því skýrt svarað að það væri næsta ferli sem færi í að útskýra þannig að ég næ ekki alveg þessum óánægjuhóp. Ég get ekki sett putta minn á hann sem foreldri þarna í þessum skóla.

**Forseti:** Þá hefur borgarfulltrúi Einar Örn Benediktsson lokið við að veita andsvar. Þá svarar andsvari borgarfulltrúi Kjartan Magnússon.

Bstj. 13. desember 2011

**2. mál Fundargerð íþróttá- og tómstundaráðs frá 25. nóvember  
fundargerð skóla- og frístundaráðs frá 7. desember  
fundargerð velferðarráðs frá 1. desember**

**Kjartan Magnússon:** Forseti, góðir borgarfulltrúar. Ég þakka fyrir þetta andsvar. Það er auðvitað eðlilegt að foreldrar hugsi fyrst og fremst um sinn skóla en við sem borgarfulltrúar erum kjörnir til þess að hugsa um alla skóla í borginni, ekki bara þann skóla sem börnin okkar ganga í hverju sinni. En ég trúi því ekki að það hafi farið framhjá borgarfulltrúum meirihlutans, sú mikla gagnrýni og sú mikla óánægja sem á sér stað hjá foreldrum í borginni vegna þessara handarbakavinnubragða við sameiningu og breytingar á skólalaldi og margir foreldrar kalla eftir milliliðalausum samtali við pólitíkusa. Ég veit ekki nákvæmlega hvaða fundur þetta er sem borgarfulltrúinn hér á undan vísaði til; ég býst við að þetta hafi verið fundur með embættismönnum eða svona fagmönnum af menntasviði sem eru að vinna að þessum breytingum. Mér er fullkunnugt um að margir slíkir fundir eru haldnir í borginni og embættismennirnir reyna auðvitað að vinna eins vel og þeir geta að þessu máli en það þýðir auðvitað lítið fyrir fólk sem vill tala um pólitíkina bakvið breytingarnar að skamma embættismenn. Embættismenn eru bara að framfylgja skipunum pólitíkusa.

Þannig að það er það sem fólk saknar fyrst og fremst, er að geta ekki átt milliliðalaus samtöl við þá sem taka ákvarðanirnar. Ekki þá sem framfylgja ákvörðununum heldur þá sem taka sjálfar ákvarðanirnar. Það er það sem fólk saknar og þess vegna held ég að það væri mjög góð tímasetning núna að halda sem fyrst slíkan fund þar sem fólk getur með svona milliliðalausum hætti talað við okkur pólitíkusa í ráðum og í borgarstjórn um þessar breytingar.

**Forseti:** Þá hefur borgarfulltrúi Kjartan Magnússon lokið við að svara andsvari. Þá veitir andsvar við ræðu borgarfulltrúans Kjartans Magnússonar Oddný Sturludóttir.

Bstj. 13. desember 2011

**2. mál Fundargerð íþróttá- og tómstundaráðs frá 25. nóvember  
fundargerð skóla- og frístundaráðs frá 7. desember  
fundargerð velferðarráðs frá 1. desember**

**Oddný Sturludóttir:** Forseti, ágæta borgarstjórn. Ég þakka Kjartani fyrir að taka þetta upp og þetta er ágætismál að ræða um hér. Ástæðan fyrir því að við fellum þessa tillögu í skóla- og frístundaráði kemur nú skýrt fram í bókun sem við lögðum fram í ráðinu og þar fór líka fram ágætisumræða um það hvernig að sameiningarferlinu hefur verið staðið. Það voru líka haldnir opnir fundir í aðdraganda þeirra, það var líka haldinn samráðsfundur í hverju einasta hverfi þar sem til dæmis í Grafarvogi hátt í 100 manns komu saman til þess að ræða ýmis tækifæri í hverfinu til samrekstrar og sameiningar. En bókun okkar hljóðar svo:

Á næstu vorönn er áætlað að halda opinn fund skóla- og frístundaráðs þar sem stefnumótun og starfsáætlun hins nýja sviðs verða kynnt. Vegna sameiningar grunnskóla er rétt að ítreka að markvisst samráð við foreldra fer fram með vinnu í stýrihópum hvers skóla, [og innskot frá mér, þar hafa auðvitað erindisbréf verið lögð fram til grundvallar í ráðinu áður en vinnan fór af stað þar sem pólitíkusar lögðu gjörva hönd á plóg.] þar sitja foreldrar sem og á upplýsingafundum sem öllum foreldrum er boðið að sitja. Ekki er talin ástæða til að halda fund um reglur vegna inntöku barna í leikskóla þar sem þær eru [merkilegt nokk] óbreyttar frá árinu 2008.

Tilvitnun lýkur og í kjölfarið af þessu má það gjarnan koma fram að vegna sameininga í umhverfi grunnskólanna höfum við margoft fengið sérstakt hrós, bæði frá foreldrafélögum, sem og foreldrum sem börn eiga í þessum skólum, fyrir það upplýsingastreymi sem hefur átt sér stað í vinnu við sameiningar.

**Forseti:** Þá hefur borgarfulltrúi Oddný Sturludóttir lokið við að veita andsvar. Þá hefur borgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir óskað eftir því að veita andsvar við ræðu ... Taka til máls? Fyrirgefðu. Taka til máls.

Bstj. 13. desember 2011

**2. mál Fundargerð íþróttá- og tómstundaráðs frá 25. nóvember  
fundargerð skóla- og frístundaráðs frá 7. desember  
fundargerð velferðarráðs frá 1. desember**

**Sóley Tómasdóttir:** Forseti, góðir borgarfulltrúar. Ég verð nú að taka undir með borgarfulltrúa Kjartani Magnússyni um það að það er mjög mikilvægt að við tölum hér sem borgarfulltrúar allra borgarbúa en ekki sem foreldrar í einstökum skólum, en gott og vel. Komið hafa fram upplýsingar um það að fundur í Grafarvogi hafi ekki verið fjölsóttur, fundur sem að líkindum hefur þá verið með embættismönnum en ekki kjörnum fulltrúum. Mér finnst það bara ekki skrítið, ég verð að segja eins og er, mér finnst ekki skrítið að það sé lítil mæting á þá fundi sem haldnir eru, hvort heldur sem er af hálfu embættismanna eða meirihlutans vegna þess að á þeim fundum sem hafa verið haldnir fram til þessa, þá hefur fólk ekki haft tækifæri til þess að koma skoðunum sínum á framfæri. Hafi verið eitthvert svigrúm til þess að koma skoðunum sínum á framfæri, þá hafa þær verið hunsaðar.

Ég mætti á alla þessa opnu fundi sem haldnir voru í aðdraganda sameininganna og þar var ansi lítið svigrúm til samtals. Fólk gat komið ábendingum á framfæri en ég hef ekki orðið vör við það að nein af þeim ábendingum sem þar komu fram hafi verið tekin til greina eða tekið mið af þeim í því sameiningarferli sem svo var farið í. Ég er samt sem áður sannfærð um það að það sé breið fylking, eins og Einar Örn Benediktsson borgarfulltrúi kallaði það, hér úti í samfélaginu sem er mjög ósátt við það hvernig meirihlutinn hefur farið fram í skólamálu og mér finnst mjög mikilvægt og vel tímabært, þó fyrir hefði verið, að fara í samtal við þessa óánægðu borgarbúa og reyna að koma til móts við þeirra sjónarmið vegna þess að þau eru alls ekki galin. Þetta eru mjög mikilvægar skoðanir sem eru þarna úti og það er mjög mikilvægt að tekið sé mark á þeim.

Það er alls ekki nóg að halda kynningarfund í vor. Það er ekki nóg en það er mjög dæmigert fyrir vinnubrögð meirihlutans að ætla að halda kynningarfund í vor á nýrri starfsáætlun fyrir nýtt skóla- og frístundasvið. Það væri nær að halda fund með foreldrum áður en starfsáætlunin verður tilbúin þannig að fólk hafi möguleika á að setja mark sitt á hana. En það er ekki þannig sem þessi meirihluti virkar. Þessi meirihluti hefur aldrei haft áhuga eða vilja til þess að taka mið af

Bstj. 13. desember 2011

sjónarmiðum almennings, ekki einu sinni minnihlutans hér í borgarstjórn. Ekki heldur fagfólks, ekki stéttarfélag, engra annarra en þeirra eigin, og þau ætla að hætta uppteknum hætti með því að fara svo og kynna starfsáætlun sem sennilega verður búin til af meirihlutanum í þeim ráðum sem við eiga hverju sinni og leyfa fólki að segja sína skoðun án þess að taka mark á því. Vitið þið, þessi vinnubrögð bara ganga ekki. Það verður að fara að taka hér upp nútímalegri starfshætti og það verður að fara að eiga sér stað innihaldsríkara og árangursríkara samtal, bæði við borgarbúa og minnihlutann og sérfræðinga. Það bara verður að gerast, annars mun aldrei sátt ríkja um skólastarf í Reykjavík.

**Forseti:** Þá hefur borgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir lokið máli sínu. Þá veitir andsvar við ræðu hennar borgarfulltrúi Einar Örn Benediktsson.

Bstj. 13. desember 2011

**2. mál Fundargerð íþróttá- og tómstundaráðs frá 25. nóvember  
fundargerð skóla- og frístundaráðs frá 7. desember  
fundargerð velferðarráðs frá 1. desember**

**Einar Örn Benediktsson:** Forseti, ágæta borgarstjórn. Mér finnst það skítt að mega ekki lýsa reynslu minni sem foreldri þarna í Korpuskóla alveg eins og í síðustu viku var borgarfulltrúi sem kom hér í pontu og lýsti persónulegri reynslu sinni af því að vera formaður íþróttafélags.

**Forseti:** Þá hefur borgarfulltrúi Einar Örn Benediktsson lokið við að veita andsvar. Þá svarar andsvari borgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir.

Bstj. 13. desember 2011

**2. mál Fundargerð íþróttá- og tómstundaráðs frá 25. nóvember  
fundargerð skóla- og frístundaráðs frá 7. desember  
fundargerð velferðarráðs frá 1. desember**

**Sóley Tómasdóttir:** Forseti, góðir borgarfulltrúar. Ég er alls ekki að réttlæta það að fólk komi hér upp og lýsi sinni persónulegu reynslu sem formenn íþróttafélaga. Ég er bara að áréttta það að við erum hér kjörnir fulltrúar allra borgarbúa og við eigum að starfa sem slík. Alveg sama hvaða viðfangsefni við erum að fást við og alveg sama hvaða stöðum við gegnum að öðru leyti.

**Forseti:** Þá hefur borgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir lokið við að svara andsvari. Fleiri hafa ekki kvatt sér hljóðs undir þessum lið og telst umræðu lokið. Það liggur ekki fleira fyrir á þessum fundi og honum er slitið 17.43. Takk fyrir og góða ferð.